

Reglur fyrir Atvinnu- og rannsóknasjóð Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

1. gr. Heiti og eignarhald

Atvinnu- og rannsóknasjóður er sjálfstæður sjóður í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

2. gr. Markmið Atvinnu- og rannsóknarsjóð

Meginhlutverk sjóðsins er að efla byggð og atvinnu í Sveitarfélaginu Hornafirði.

3. gr. Stjórn sjóðsins

Umsjón með sjóðnum er í höndum atvinnumálanefndar sem fjallar um umsóknir og gerir tillögur að úthlutun úr honum. Um hæfi nefndarmanna við umfjöllun og afgreiðslu á úthlutunum úr sjóðnum ber að fara eftir sveitarstjórnarlögum.

Sjóðurinn úthlutar styrkjum árlega.

4. gr. Umsóknir um styrki

Sjóðnum er ætlað að veita styrki til verkefna sem lúta að atvinnuþróun, rannsóknum og nýsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði. Þeir sem lögheimili hafa eða reka atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu hafa alla jafnan forgang að úthlutun. Styrkjum skal ekki varið í kaup á búnaði, endurbótum á húsnæði eða öðru slíku.

Sjóðnum er skipt í tvær deildir þar sem skiptingin milli deilda skal vera A deild 40% og B deild 60%.

- a) Úr A deild sjóðsins er einungis ráðstafað styrk til eins verkefnis árlega. Verkefnið þarf að vera komið á það stig að miklar líkur eru taldar á að það skili aukningu á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu eða að um sé að ræða rannsóknir sem sannarlega efla byggð og/eða atvinnu í Sveitarfélaginu Hornafirði.
- b) Úr B deild er ráðstafað styrkjum að upphæð allt að 600 þúsund krónur.

Allar umsóknir skulu vera metnar eftir stigakerfi. Við mat á umsóknum getur atvinnumálanefnd á hverjum tíma leitað eftir álitum þriggja óháðra, sérfróðra aðila til ráðgjafar.

Í umsókn skal tilgreina:

- a) Markmið verkefnisins og hvernig stefnt er að því að ná þeim
- b) Fjármögnun verkefnis eða starfseminnar og gögn því til stuðnings
- c) Umsækjendur leggi fram kostnaðar- tíma- og verkáætlun með umsókn. Í A hluta sjóðsins þurfa einnig að fylgja ítarlegri fylgigögn s.s. kynning á bakgrunni umsækjanda, rannsóknar- eða rekstraráætlun og annað sem umsækjandi telur styrkja verkefnið.
- d) Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu þeirra styrkja.

5. gr. Tekjur og gjöld sjóðsins

Stofnfé sjóðsins var upphaflega 20 milljónir króna sem komu af söluandvirði Sveitarfélagsins Hornafjarðar af Nesjaskóla. Árið 2010 veitti Bæjarstjórn Hornafjarðar viðbótarfé að upphæð 14 milljónum króna inn í sjóðinn.

Hver sá er vill getur veitt fé í sjóðinn án skilyrða. Atvinnumálanefnd leitar leiða til að efla sjóðinn enn frekar svo sem með framlögum frá fyrirtækjum, sjóðum, stofnunum, ríkinu og sveitarfélagi. Varsla og ávöxtun á eignum sjóðsins skal fela í sér trausta fjárvörslu og viðurkenndar ávöxtunarleiðir.

Við úthlutun úr sjóðnum skal aldrei veitt meira fé ár hvert en sem nemur 20% af heildareign sjóðsins hverju sinni. Meirihluti atvinnumálanefndar ræður ákvörðunum ef úthlutunum er lokið með atkvæðagreiðslu.

6. gr. Úthlutun og kynning

Styrkir úr sjóðnum skulu ekki vera hærri en sem nemur 75% af útlögðum kostnaði við einstök verkefni og að hámarki 50% af heildarkostnaði. Forsendur styrkúthlutunar eru að um sé að ræða:

- a) Verkefni sem efli atvinnu og auki fjölbreytni á svæðinu
- b) Nýsköpunarverkefni
- c) Rannsóknarverkefni þar sem viðfangsefnið tengist Sveitarfélaginu Hornafirði.
- d) Verkefni sem skekkja ekki samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem fyrir eru starfandi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Umsókn um styrkveitingu skal auglýst í héraðsfjölmíðlum og á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Miðað skal við að umsóknir séu afgreiddar eigi síðar 31. janúar. Umsóknarfrestur skal vera að lágmarki 4 vikur.

7. gr. Greiðslur á styrkfé

Greiða skal styrki út samkvæmt framvindu verkefnisins. Við undirritun samnings eru greidd 40% upphæðar, við skil framvinduskýrslu greiðast 40% og við skil lokaskýrslu 20%. Þó er heimilt að greiða þriðjung væntanlegs styrks við upphaf verksins, næsta þriðjung í samræmi við framvindu og síðasta þriðjung við verklok þegar fyrir liggur lokaskýrsla. Sé framvindu og/eða lokaskýrslu ekki skilað innan tveggja ára frá undirritun samnings, fellur styrkurinn niður og atvinnu- og rannsóknarsjóður getur krafist endurgreiðslu.

8. gr. Framvinda verkefna

Styrkþegum er skylt að skila framvinduskýrslu um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs.

- a) Breytist forsendur verksins verulega á styrktíma er styrkþegum skylt að upplýsa atvinnu- og rannsóknasjóð og fá samþykki fyrir breytingunni. Að öðrum kosti getur atvinnu- og rannsóknasjóður slitið samstarfi við styrkþega. Um endurgreiðslu á styrk fer þá eftir ákvæðum 7. gr.
- b) Verði styrkþegi uppvís að röngum upplýsingum og/eða að ekki hafi verið unnið samkvæmt áætlunum er heimilt að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

9. gr. Gildistaka

Sjóðurinn skal hefja starfsemi 1. febrúar 2009. Starfslok hans skulu ákvörðuð af sveitarstjórn en endurskoðun á samþykktum, reglum og starfsemi hans skal fara fram eigi síðar en á fimm ára festi. Í ljósi þeirrar endurskoðunar skal taka ákvörðun um framhald starfseminnar.

Verði sú ákvörðun tekin af sveitarstjórn að hætta starfsemi sjóðsins skulu eignir hans renna í sveitarsjóð.

Samþykkt í atvinnumálanefnd 25. nóvember 2015

Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar 3. desember 2015